

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp.

Árið 2025, þriðjudaginn 18. mars kl. 10:00 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1199. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Gjáin. Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson, Sigrún Reynisdóttir, Edda Þórsdóttir og Margrét Pálína Cassaro. Fundarritari var Kristín Björg I Sverrisdóttir.

Þetta gerðist:

1. Arnarbakki 2 - Niðurrif - USK25010260
Sótt er um leyfi fyrir niðurrifi á mhl. 01 og mhl. 02 á lóð nr. 2 og 4-6 við Arnarbakka.
Mhl. 01: 607 ferm.,
Mhl. 02 : 1.298 ferm.
Erindi fylgir verkáætlun um framkvæmdir á lóð.
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
2. Aðalstræti 9 - USK25030036
Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun og innra skipulagi, breyta rými 000? í sér geymslur og sameiginlega hjóla- og vagnageymslu fyrir íbúðir 2. hæðar, sameina rými 000? og 000? í rými 0001 og stækka með því rými 0101, innréttu veitingastað í flokki ? teg. ? fyrir ? gesti, innréttu 6 íbúðir, breyta útliti með því að sameina glugga á 2. hæð og stækka sorpgeymslu á austurhlið 1. hæðar í verslunar- og íbúðarhúsi á lóð nr. 9 við Aðalstræti.
Stækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm.
Erindi fylgir afrit af eldri samþykktum aðaluppdráttum.
Frestað.
Vísað til athugasemda.
3. Álfabakki 4 - USK25020022
Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24040057 þannig að gerðar eru breytingar á brunahönnun húss á lóð nr. 4 við Álfabakka.
Erindi fylgir staðfesting á starfsábyrgðartryggingu dags. 30. janúar 2025, greinargerð um brunahönnun dags. 30. janúar 2025 og yfirlit breytinga.
Frestað.
Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.
4. Árskógar 2 - USK25030080
Sótt er um leyfi til þess að fjölga umönnunarrýmum með því að breyta sjúkrabaðstofu í einkaherbergi með baði og stækka glugga á austurhlið 1. hæðar á hjúkrunarheimilinu við Árskóga 2, mhl. 05, á lóð nr. 2-8 við Árskóga.
Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 8. febrúar 1996.
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
5. Barðavogur 36 - USK25010085
Sótt er um leyfi til að dýpka kjallara, innréttu íbúð 0001 og fjölga þannig eignum í íbúðarhúsi á lóð nr. 36 við Barðarvog.

Erindi fylgir umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 20. febrúar 2025, umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. mars 2025 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 10. september 2024.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

Vísað í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. mars 2025.

6. Bergstaðastræti 20 - USK25020357

Sótt er um leyfi til að stækka bílskúr, mhl. 02 og breyta notkun í vinnustofu á lóð nr. 22 við Bergstaðastræti.

Stækkun: 5,6 ferm.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

7. Bergþórugata 14A - USK25020129

Sótt er um leyfi til þess að loka hluta af stigapalli 3. hæðar sem þannig verður, ásamt stiga að 4. hæð, hluti að ósamþykktri íbúð 0401 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 14A við Bergþórugötu.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda á teikningu dags. 5. nóvember 2021.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

8. Borgartún 28 - USK25020184

Sótt er um leyfi til þess að breyta rými 0201 í mhl. 05, flóttaleið er lokað og í staðinn er björgunaropi bætt við brunahólfað fundarherbergi í húsi á lóð nr. 28 við Borgartún.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

9. Brautarholt 20A - USK25030024

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi og innrétta verslarnir í rýmum 0101 við Brautarholt 20A, 0102 við Brautarholt 20B, 0103 við Brautarholt 20C og 0104 við Brautarholt 20D í íbúðar og verslunarhúsi, mhl.01, á lóð nr. 18 við Brautarholt.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

10. Brautarholt 8 - USK25020325

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23010170 vegna lokaúttektar í húsi á lóð nr. 8 við Brautarholt.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

11. Bræðraborgarstígur 7 - USK24040088

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðri framkvæmd sem snýr að breyttu innra skipulagi eignar 0202, til að loka af rými innan íbúðar og sækja um leyfi fyrir gististað í fl. II, teg. g fyrir sex gesti í húsi á lóð nr. 7 við Bræðraborgarstíg.

Húsaskoðun fór fram 14. febrúar 2025.

Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. mars 2025.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

12. Bíldshöfði 9 - USK25010056

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi og innrétta golfherma- og pílustað sem rúmar allt að 100 gesti með veitingasölu í flokki II teg f, í rými 0105 í verslunar- og lagerhúsi, mhl.01 á lóð nr. 9 við Bíldshöfða.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 6. nóvember 2018.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

13. Egilsgata 5 - USK25020338

Sótt er um leyfi til að byggja 5 hæða fjölbýlishús með 36 íbúðum, verslunar- og atvinnurýmum á fyrstu hæð, auk kjallara sem í verður bílageymsla með xx stæðum, sameiginleg rými, geymslur og tæknirými á lóð nr. 5 við Egilsgötu.

Stærð: xx ferm., xx rúmm.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

14. Einarsnes 66A - USK25020047

Sótt er um leyfi til að endurbyggja og stækka bílskúr ásamt því að gerð er grein fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi og anddyri sem hefur verið rifið við einbýlishús á lóð nr. 66 við Einarsnes.

Stækkun: 20,7 ferm.

Erindi fylgja gögn um deiliskipulagsbreytingu sem auglýst var í B-deild 27. júlí 2022, bréf um sameiningu fasteigna og yfirlit breytinga.

Stærð eftir breytingu: 223,1 ferm., 524,7 rúmm.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

15. Eirhöfði 1 - USK25010176

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23020319 þannig að tafla fyrir báða áfanga er sameinuð, veggjabykkir og reyklosun er breytt til samræmis við verkeikningar ásamt því að innra skipulagi íbúða, gluggum og hurðum er breytt í fjölbýlishúsum á lóð nr. 1 við Eirhöfða. Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

16. Geirsgata 17 - USK25020326

Sótt er um leyfi til að innrétta veitingastað í fl. ?, teg. kaffihús í rými 0103 í mhl. 05 og koma fyrir tveimur skiltum á húsi nr. 17 við Geirsgötu.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

17. Grensásvegur 24 - USK24060322

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN055716, með síðari breytingu USK23030024 þannig að hús nr. 24, er hækkað um eina hæð og ásamt húsi nr. 26 klætt utan með álklaðningu, gistihús í flokki II teg b, mhl. 01, á lóð nr. 24 við Grensásveg.

Stækkun: 100.5 ferm., 222.2 rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu með rafrænni áritun hönnuðar dags. 29. nóvember 2023 og afrit af aðaluppdrætti sem sýnir að samskonar hækkun var samþykkt 30. nóvember 1972.

Frestað.
Vísað til athugasemda.

18. Gæfutjörn 22 - USK25020065

Sótt er um leyfi til þess að setja upp sólarcellur á þak fjölbýlishúss á lóð nr. 22 við Gæfutjörn.

Frestað.
Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

19. Haukahlíð 18 - USK25020149

Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt 3-5 hæða fjölbýlishús, 3 stigahús með 85 íbúðum á kjallara með 54 bílastæðum á lóð nr. 18 við Haukahlíð.

Erindi fylgir greinargerð um brunahönnun frá Örugg dags. 10. febrúar 2025, greinargerð hönnunarstjóra um ábyrgðarsvið hönnuða dags. 12. febrúar 2025, greinargerð um hljóðvist frá Myrru dags. 5. febrúar 2025, samgöngumat frá EFLU dags. 30. apríl 2024 og greinargerð hönnuðar dags. 10. febrúar 2025.

Stærð, mhl. 01: 9.172,6 ferm., 26.044,7 rúmm.

Frestað.
Vísað til athugasemda.

20. Háahlíð 9 - USK25020234

Sótt er um leyfi til að uppfæra brunavarnir og jafnframt gerð grein fyrir minni háttar breytingum á innra skipulagi í skátaheimili í húsi á lóð nr. 9 við Háuhlíð.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað.
Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

21. Hólmgarður 30 - USK25010105

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN057238 þannig að horfið er frá áformum um að reisa steypa viðbyggingu til suðurs ásamt steypum svölum á 2. hæð og þaksvolum ofan á 2 hæð. Í stað þess er sótt um að setja svalir framan við kvist á rishæð sem áður áttu að vera þaksvallir á húsi á lóð nr. 30 við Hólmgarð.

Frestað.
Lagfæra skráningu.

22. Hólmgarður 46 - USK25010104

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24030045 með því að dýpka svalir rishæðar og sleppa svölum á annarri hæð í húsi á lóð nr. 46 við Hólmgarð.

Frestað.
Vísað til athugasemda.

23. Járnsléttu 4 - USK25020122

Sótt er um leyfi til að byggja þrjú stálgrindarhús og innrétta 20 geymslur í hverju á lóð nr. 46 við Járnsléttu.

Erindi fylgir brunahönnun frá Örugg dags. 6. febrúar 2025, greinargerð aðalhönnuðar dags. 10. febrúar 2025, greinargerð hönnunarstjóra um ábyrgðarsvið hönnuða dags. 11. febrúar 2025 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. febrúar 2025.

Mhl. 01, 02 og 03: 1.126,6 ferm., 7.112,3 rúmm. hver.

Samtals á lóð: 3.379,8 ferm., 21.336,9 rúmm.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

24. Kringlumýrabraut 100 - USK25010300

Sótt er um leyfi fyrir rafmagnsdreifistöð á lóð nr.100 við Kringlumýrabraut

Erindi fylgir mælibleið 1.789.4 og hæðarbleið dags.2024.11.25

Stærðir:

Ferm. 7,5 Rúmm. 20,3

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

25. Köllunarklettsvegur 1 - USK25030037

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059798 þannig að innra skipulagi er breytt á 2. hæð í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 1 við Köllunarklettsveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

26. Köllunarklettsvegur 6 - USK25020124

Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu sem hýsa á lager og frystigeymslu við hús á lóð nr. 6 við Köllunarklettsveg.

Erindi fylgir teikningaskrá, brunahönnun dags. 5. febrúar 2025 og útreikningur á varmatapi dags. 10. febrúar 2025.

Stækkun: 2.227,6 ferm., 31.638,4 rúmm.

Eftir stækkun: 4.528,6 ferm., 54.049,6 rúmm.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

27. Laufásvegur 11 - USK25010042

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í því að fyrrum heilsugæslu hefur verið breytt í íbúð 0101 í húsi á lóð nr. 11 við Laufásveg.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 15. febrúar 2025 og yfirlit breytinga á teikningu c2c1- útg. 1.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

28. Laugarnesvegur 77 - USK25020359

Sótt er um leyfi til þess að stækka að lóðarmörkum til vesturs og breikka til suðurs bílskúr, mhl.03, við íbúðarhús á lóð nr. 77 við Laugarnesveg.

Stækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

29. Laugarásvegur 58 - USK25030096

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að á byggingartíma var innra skipulagi breytt, kjallarahæð bætt við og íbúðum fjölgað úr tveimur í þrjár, jafnframt er sótt um leyfi til þess að gera allar íbúðir að séreign í einbýlishúsi á lóð nr. 58

Stækkun xx.x ferm., xx.x rúmm.

Erindi fylgir afrit af aðaluppdrætti samþykktum 9. júní 1960.
Frestað.
Vísað til athugasemda.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

30. Laugarásvegur 63 - USK24090041

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum stoðvegg á lóðarmörkum að lóð nr. 59, pergólu og steypum heitum potti á steyptri verönd við einbýlishús á lóð nr. 63 við Laugarásveg. Erindi fylgir skýrsla um húsaskoðun dags. 19. nóvember 2024, skýrsla um húsaskoðun ásamt ljósmyndum af vettvangi dags. 14. október 2024 og samþykki Eignaskrifstofu Reykjavíkurborgar fyrir hönd lóðar nr. 59 dags. 27. febrúar 2024.
Frestað.
Málinu vísað til grenndarkynningar hjá skipulagsfulltrúa.

31. Laugavegur 2 - USK24100346

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að umfang matsölu er minnkað og eldhúsi breytt í móttökueldhús í veitingarstað í flokki II tegund f fyrir ?? gesti í verslunar- og veitingarhúsi á lóð nr. 2 við Laugaveg.
Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdrætti samþykktum 2. mars 2004 og afrit af aðaluppdrætti sem synjað var 14. júlí 2012.
Frestað.
Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.

32. Laugavegur 29 - USK25010213

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23090251 þannig að opnað er inni bakbyggingar, gerð skábraut þangað, léttir veggir fjarlægðir og innréttuð rakarastofa í bakhúsi á lóð nr. 29 við Laugaveg.
Erindi fylgir yfirlit breytinga og greinargerð um brunavarnir frá Örugg dags. 7. mars 2025.
Frestað.
Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

33. Laugavegur 53B - USK25020339

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN020175 þannig að opnað hefur verið á milli lóða 53b og 55 í bílakjallara, útistigi fjarlægður, sameina tvö íbúðarrými í eitt, ýmsar innanhúsbreytingar og útidyrarhurð fjarlægð í húsi á lóð nr. 53B við Laugaveg.
Frestað.
Vísað til athugasemda.

34. Laugavegur 59 - USK24110265

Sótt er um leyfi til þess að fækka eignum, sameina rými 0202 og 0203 og stækka þar með veitingastað í flokki II teg. a fyrir 34 gesti á 2. hæð í verslunar- og íbúðarhúsi á lóð nr. 59 við Laugaveg.
Erindi fylgir greinargerð Eflu verkfræðistofu um hljóðvist dags 28. apríl 2016 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 10. mars 2020.
Frestað.
Lagfæra skráningu.

35. Laugavegur 66-68 - USK25020125

Sótt er um leyfi til þess að innréttu veitingastað í flokki 1 tegund e fyrir 20 gesti í rými 0105 á 1. hæð í hótél- og verslunarhús, mhl.01, á lóð nr. 66-68 við Laugaveg.
Erindi fylgir umsögn Vinnueftirlitsins dags. 10. mars 2025 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar dags. 4. september 2018.
Frestað.

Vísað til athugasemda.

36. Laugavegur 67 - USK25030132

Sótt er um leyfi til þess koma fyrir flóttastiga við bakhlið og innréttu veitingastað í flokki 2 tegund a fyrir ? gesti í rými 0101 í kjallara og á 1. hæð í verslunar- og íbúðarhúsi á lóð nr. 67 við Laugaveg.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

37. Lindargata 50 - USK25010073

Sótt er um leyfi til að sameina mhl. 02 og mhl. 03, innréttu menningarhús á 1. hæð og tvær íbúðir á 2. og 3. hæð verkstæðisbyggingar á lóð nr. 50 við Lindargötu.

Erindi fylgir greinargerð hönnunarstjóra dags. 7. janúar 2025, umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 4. mars 2025 og ósk um að draga erindi USK23090112 til baka.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

Erindi er til umfjöllunar hjá skipulagsfulltrúa

38. Lynghás 5 - USK25020324

Sótt er um leyfi til að innréttu þvottahús í rými 0103, breyta innra skipulagi, koma fyrir loftræsingu og niðurföllum í húsi á lóð nr. 5 við Lynghás.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

39. Norðlingabraut 2 - USK25020154

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060405 vegna öryggisúttektar þannig að aðeins er tekinn í notkun hluti skrifstofa á 2. hæð í atvinnuhúsi á lóð nr. 2 við Norðlingabraut.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

40. Rauðarárstígur 27 - USK25020151

Sótt er um leyfi til þess að innréttu gististað í flokki II, tegund b, fyrir 197 gesti í fjölbýlishúsi á lóð nr. 27 við Rauðarárstíg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 15. janúar 2024.

Skipulagsfulltrúi gerir ekki athugasemd sbr. bókun dags. 27. febrúar 2025.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

41. Reykjavegur 15 - USK25010194

Sótt er um leyfi til að koma fyrir 10 færanlegum kennslustofum sem verða 1. áfangi "Skólaþorps", sem hýsa á nemendur Laugarnesskóla meðan á endurnýjun hans stendur, á lóð nr. 15 við Reykjaveg. Stærð: 832,6 ferm., 2.959,1 rúmm. Erindi fylgir greinargerð um brunavarnir frá COWI dags. 15. janúar 2025.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

42. Seljavegur 2 - USK25020371

Sótt er um leyfi til að klæða lyftustokk húss á lóð nr. 2 við Seljaveg.

Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

43. Skrauthólar 5 - USK24080326

Sótt er um leyfi til að byggja einlyft einbýlishús úr timbri á lóð nr. 5 við Skrauthóla.
Stærð: 149,5 ferm., 521,1 rúmm.

Frestað.
Vísað til athugasemda.

44. Skógarhlíð 18 - USK25020066

Sótt er um leyfi til fyrir notkunarbreytingu þar sem áður voru geymslur og bílakjallari í biðstofu og þjónusturými fyrir geðheilsuteymi taugaproskana auk þess veður gluggasetningum breytt og brunavarnir uppfærðar í húsi á lóð nr. 18 við Skógarhlíð.
Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 13. mars 2025.

Frestað.
Vísað til athugasemda og með vísan í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. mars 2025

45. Spítalastígur 4A - USK24090067

Sótt er um leyfi til að byggja þriggja hæða fjölbýlishús með kjallara á lóð nr. 4 við Spítalastíg.

Erindi fylgir mæliblað 1.184.0 dags. 23. nóvember 2023.

Stærð: 271,2 ferm., 831 rúmm.

Frestað.
Vísað til athugasemda.

46. Stóragil - USK24110189

Sótt er um leyfi til að byggja einbýlishús úr timbri með innbyggðri bílgeymslu á lóðinni Stóragil með landnúmer 237090. S

tærð: 156,5 ferm., 561,4 rúmm.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

47. Stórhöfði 15 - USK25010195

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulag í verslunarhúsi á lóð nr. 15 við Stórhöfða.
Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 25. nóvember 2011.

Frestað.
Vísað til athugasemda.

48. Sundlaugavegur 9 - USK24120168

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðri íbúð 0001 í kjallara fjölbýlishúss á lóð nr. 9 við Sundlaugaveg.

Erindi fylgir afrit af gildandi aðaluppdráttum.

Frestað.
Vísað til athugasemda.

49. Suðurlandsbraut 4A - USK25020304

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðri framkvæmd sem snýr að breyttu innra skipulagi á veitingastað í mhl. 03 rými 0102 í húsi á lóð nr. 4a við Suðurlandsbraut.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

50. Súðarvogur 52 - USK25020230

Sótt er um leyfi fyrir að breyta notkun á 2 og 3ju hæð úr iðnaði yfir í íbúðir sem eru áður gerðar og setja svalir á hvora hæð í húsi nr. 52 við Súðarvog.

Erindi fylgir samþykki eiganda fyrstu hæðar dags. 18. janúar 2025.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

51. Tryggvagata 4-6 - USK25020372

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum vegna gerðar eignaskiptasamnings í íbúðar- og atvinnuhúsi á lóð nr. 4-6 við Tryggvagötu.

Erindi fylgir húsaskoðun byggingarfulltrúa dags. 6. mars 2023.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

52. Tunguháls 6 - USK24080135

Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun íbúðarhúss í gististað í flokki II tegund g, fyrir allt að 10 gesti og bæta við flóttaleið með því að gera brú yfir kjallarainngang á vesturhlið húss á lóð nr. 16 við Urðarstíg.

Erindi afgreiðist samhliða erindi USK24040268 umsókn um áður gerðar breytingar.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 24. október 2024 og sem hluti af teikningasetti, yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 13. nóvember 1986.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

53. Túngata 20 - USK25020358

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24010003 vegna lokaúttektar, breyting á lóðarhönnun og tilkomu 37,5m² pergólu á lóð nr. 20 við Túngötu.

Frestað.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

54. Vogaland 12 - USK24110062

Sótt er um leyfi til þess að fjölga eignum og fá samþykkt áður gerða ósamþykkt íbúð í kjallara einbýlishúss á lóð nr. 12 við Vogaland.

Erindi fylgir afrit af eignarskiptayfirlýsingu móttækin til þinglýsingar 1. nóvember 1993 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. mars 2025.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

Vísað í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. mars 2025.

Fundi slitið kl. 11:47

Brynjar Þór Jónasson

Sigrún Reynisdóttir
Edda Þórsdóttir

Margrét Pálína Cassaro